# VR

# Ársreikningur 2020

VR
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 690269-2019

# Efnisyfirlit


Áritun óháðs endurskoðanda ........ 2

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna ........ 4

Skýrsla stjórnar ........ 5

Rekstrarreikningur 2020 ........ 7

Efnahagsreikningur 31. desember 2020 ........ 8

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020 ........ 9

Skýringar ........ 10

Skýringar - sundurliðanir ........ 18

Skýringar - sundurliðanir á einstaka sjóði ........ 20

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna VR

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning VR ("félagið") fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 10. mars 2021

***KPMG ehf.***
Sigríður Helga Sveinsdóttir

# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

**Til stjórnar og félagmanna VR**

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum af fremsta megni fylgst með starfi við undirbúning uppgjörs VR og endurskoðunarferli því tengdu. Við höfum setið fundi með starfsfólki félagsins þar sem farið var yfir ýmsa þætti varðandi stjórnarhætti og uppgjör. Við höfum jafnframt farið yfir að fylgt hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu. Við teljum okkur vera vel upplýst um helstu meginþætti sem snúa að uppgjöri og leggjum til að ársreikningur VR verði samþykktur.

Reykjavík, 10. mars 2021

Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur VR fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hreinar tekjur til ráðstöfunar hjá VR á árinu 2020 námu kr. 835 m. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 15,3 ma. kr. og er bókfært eigið fé í árslok kr. 14,5 ma. kr.

Í árslok 2020 störfuðu 69 starfsmenn hjá félaginu en meðalfjöldi ársverka var 63.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hreinna tekna.

Í 2. grein laga VR stendur um markmið félagsins: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.“ Stjórn félagsins telur eftir sem áður að mikilvægur þáttur þessa starfs felist í rekstri og uppbyggingu sterkra samtryggingasjóða eins og félagið rekur í dag.

Annar mikilvægur þáttur í starfinu er sú ráðgjöf sem félagsmenn njóta um málefni tengd kjaralegri stöðu sinni en ekki síður ráðgjöf tengdri starfsendurhæfingu. Umfang þeirrar ráðgjafar verður sífellt meira og leitast stjórnin við að mæta breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi með eflingu þeirrar starfsemi. Þá leggur félagið mikla áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti og jöfnun á launamun kynjanna.

Í upphafi árs 2020 gætti fyrst áhrifa Covid-19, faraldurs kórónuveirunnar, á Íslandi og samdráttur varð í efnahagslífinu í kjölfar þess. Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR var 9,1% í árslok 2020 samanborið við 4,1% í árslok 2019. Greidd félagsgjöld til félagsins stóðu í stað þrátt fyrir fækkun félagsmanna um 2,3%, en sjúkrasjóðs- og orlofssjóðsiðgjöld lækkuðu um 5% milli ára þar sem atvinnuleysi félagsmanna rúmlega tvöfaldaðist á árinu en atvinnulausir greiða ekki í sjúkra- og orlofssjóð.

Þjónusta VR færðist fljótt að stórum hluta á netið. Fresta og fella þurfti niður viðburðum, breyta þurfti fundafyrirkomulagi sem færðist að stærstum hluta á netið. Loka þurfti orlofshúsum félagsins í aprílmánuði. Hluti starfsfólk vann að heiman með fjartengingum sem settar voru upp fyrir alla starfsmenn. Sem hluta af aðgerðum var sett upp sérstakt stúdíó til miðlunar upplýsinga til félagsmanna og streyma fundum til þeirra rafrænt.

Á árinu lækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um 8% samanborið við árið 2019, á sama tíma lækkuðu einnig iðgjaldatekjur Sjúkrasjóðs VR um 5%, en hækkun á greiðslum sjúkradagpeninga hefur verið veruleg á undanförnum árum. Á aðalfundi félagsins á árinu 2019 var lögð fram breyting á reglugerð sjóðsins til að bregðast við aukningu útgjalda, en breytingin hafði framangreind áhrif á útgreiðslur frá ársbyrjun 2020.

Almennt býr félagið við óvissu vegna breytinga í ytra umhverfi s.s. vegna verðbreytinga á markaði, vaxtabreytinga og fleira. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra VR að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

# Skýrsla stjórnar, frh.

Stjórn leggur til að lagt verði í VR Varasjóð á árinu 2021 samtals 785 m.kr., frá Félagssjóði VR 475 m.kr., frá Sjúkrasjóði VR 100 m.kr. og 210 m.kr. frá Orlofssjóði VR.

Stjórn og framkvæmdastjóri VR staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. mars 2021

**Formaður**
Ragnar Þór Ingólfsson

**Stjórn**
Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Fríða Thoroddsen
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Selma Árnadóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Sigmundur Halldórsson

**Framkvæmdastjóri**
Stefán Sveinbjörnsson

# Rekstrarreikningur 2020

| | Skýr. | Allar deildir 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | | 1.475.956.052 | 1.479.208.543 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | | 1.965.446.267 | 2.059.076.529 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | | 482.211.937 | 504.817.137 |
| Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | 176.001.794 | 301.181.134 |
| Aðrar tekjur | | 194.463.513 | 198.010.960 |
| | | 4.294.079.563 | 4.542.294.303 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Iðgjöld og skattar | | (332.621.432) | (337.051.792) |
| Bætur og styrkir | | (2.431.223.851) | (2.706.384.466) |
| Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | (265.053.621) | (412.677.187) |
| Útbreiðslu- og félagsmál | | (214.009.645) | (238.814.247) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (919.378.166) | (909.148.818) |
| Rekstur húsnæðis | | (65.823.701) | (56.227.225) |
| Afskriftir | 8 | (106.427.420) | (92.115.030) |
| | | (4.334.537.836) | (4.752.418.765) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | | (40.458.273) | (210.124.462) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | 6 | 1.159.628.356 | 1.384.157.046 |
| Fjármagnsgjöld | 7 | (273.500) | (1.358.288) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (283.574.732) | (245.427.698) |
| | | 875.780.124 | 1.137.371.060 |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | 12 | 835.321.851 | 927.246.598 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| | | **Allar deildir** | |
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 1.975.656.673 | 1.909.857.413 |
| Verðbréf og verðbréfasjóðir | 9 | 12.471.943.285 | 11.944.768.131 |
| Langtímaköfur | 10 | 21.727.644 | 20.665.204 |
| Óinnheimt iðgjöld | | 274.432.602 | 266.928.414 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 51.256.486 | 130.540.712 |
| Handbært fé | | 504.335.259 | 106.295.426 |
| **Eignir** | | 15.299.351.950 | 14.379.055.300 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 12 | 14.535.865.541 | 13.700.543.688 |
| **Skuldir** | | | |
| Reiknaður fjármagnstekjuskattur | 13 | 541.029.335 | 412.211.763 |
| Skammtímaskuldir | 14 | 222.457.074 | 266.299.849 |
| | | 763.486.409 | 678.511.612 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 15.299.351.950 | 14.379.055.300 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýr. | Allar deildir 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | 12 | 835.321.851 | 927.246.598 |
| Afskriftir | 8 | 106.427.420 | 92.115.030 |
| (Söluhagnaður)/tap varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | 0 | (23.183.234) |
| Hreinar fjármunatekjur | | (875.780.124) | (1.137.371.060) |
| | | 65.969.147 | (141.192.666) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 11.372.608 | (32.622.586) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (43.842.775) | 10.359.110 |
| Breyting á rekstrartengdum eigum og skuldum | | (32.470.167) | (22.263.476) |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 10.476.444 | 17.488.486 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | (273.500) | (1.358.288) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 43.701.924 | (147.325.944) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | (172.226.680) | (308.830.160) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 8 | 0 | 46.677.100 |
| Lán til félagsmanna, lækkun (hækkun) | 11 | 58.633.141 | (64.775.255) |
| Innborgað frá verðbréfasöfnum | 9 | 467.931.447 | 233.482.791 |
| | | 354.337.908 | (93.445.524) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu | | 398.039.832 | (240.771.468) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 106.295.426 | 92.903.779 |
| Handbært fé frá VS í upphafi árs | | 0 | 254.163.114 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 504.335.259 | 106.295.426 |

# Skýringar

## 1 Starfsemi

VR er hagsmunafélag sem vinnur að bættum hag verslunar- og skrifstofufólks á vinnumarkaði og ver stöðu þeirra sem brotið er á eða falla af vinnumarkaði. Félagið gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, rekur Sjúkrasjóð til að bæta fjárhagsstöðu við heilsubrest, rekur Orlofssjóð til að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs, rekur VR varasjóð sem félagsmenn geta nýtt til styrkja af ýmsu tagi og Vinnudeilusjóð sem veitir félagsmönnum sem misst hafa atvinnutekjur sínar vegna vinnustöðvunar eða verkbanna fjárhagsaðstoð.

VR rekur samkvæmt samningi Landsamband Íslenzkra verzlunarmanna (LÍV). Allar tekjur og gjöld LÍV eru hluti af rekstri VR.

Félagið var stofnað 1891 og nær félagssvæðið yfir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland, Akranes, Húnaþing vestra og Austurland.

## 2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur VR fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 3 Reikningsskilaaðferðir

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### a. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### b. Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

### c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Félagsgjöld og iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

## 3 Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### f. Rekstrargjöld

Beinn kostnaður hvers sjóðs er færður beint á viðeigandi sjóð. Sameiginlegum kostnaði er hins vegar skipt á milli sjóða eftir fyrirfram ákveðnum hlutföllum.

### g. Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### h. Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu félagsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

### i. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### j. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

### k. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 4 Launamál

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun | 643.412.756 | 605.768.630 |
| Iðgjöld í lífeyrissjóði | 86.248.622 | 82.371.623 |
| Önnur launatengd gjöld | 67.078.839 | 85.502.471 |
| Annar starfsmannakostnaður | 23.596.302 | 23.486.940 |
| | 820.336.519 | 797.129.664 |
| Meðalfjöldi starfa | 63 | 61 |

Laun yfirstjórnar námu á árinu 2020 samtals 47,2 m.kr. ( 2019: 47,1 m.kr.) og skiptast þannig:

Laun og bifreiðastyrkir formanns 14,7 m.kr. ( 2019: 14,7 m.kr. ) Einnig fékk formaður greitt fyrir formennsku í LÍV 3,6 m.kr.

Laun og bifreiðastyrkur framkvæmdastjóra 18,7 m.kr. ( 2019: 18,5 m.kr. )

Laun stjórnar 10,3 m.kr. ( 2019: 10,6 m.kr. )

## 5 Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda VR á árinu 2020 nam 4,9 m.kr. ( 2019: 3,3 m.kr. ), þar af 3,2 m.kr. ( 2019: 2,7 m.kr. ) vegna endurskoðunar á ársreikningi VR.

## 6 Fjármunatekjur

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 3.873.085 | 8.130.461 |
| Vaxtatekjur af félagsgjöldum | 6.876.084 | 9.096.690 |
| Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfaeign | 1.142.606.730 | 1.348.121.707 |
| Arður af hlutabréfum | 4.986.637 | 6.168.283 |
| Aðrar vaxtatekjur | 1.285.820 | 12.639.905 |
| | 1.159.628.356 | 1.384.157.046 |

## 7 Fjármagnsgjöld

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Dráttarvaxtagjöld | (273.500) | (1.358.288) |
| | (273.500) | (1.358.288) |

# Skýringar

## 8 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Orlofshús, land | Aðrir rekstrar-fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 446.886.441 | 2.048.494.666 | 354.298.888 | 2.849.679.995 |
| Eignfært á árinu | | 126.465.596 | 45.761.084 | 172.226.680 |
| Staða í árslok | 446.886.441 | 2.174.960.262 | 400.059.972 | 3.021.906.675 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 135.472.890 | 587.936.098 | 216.413.595 | 939.822.583 |
| Afskrift ársins | 8.555.617 | 64.659.284 | 33.212.519 | 106.427.420 |
| Staða í árslok | 144.028.507 | 652.595.382 | 249.626.114 | 1.046.250.003 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 311.413.551 | 1.460.558.568 | 137.885.293 | 1.909.857.413 |
| Bókfært verð í árslok | 302.857.934 | 1.522.364.880 | 150.433.858 | 1.975.656.673 |
| Afskriftarhlutföll | 2-4% | 0-10% | 12-30% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir | 2.418.676.000 | 3.438.613.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | 0 | 666.155.000 |

## 9 Verðbréf og verðbréfasjóðir

### a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 11.944.768.131 | 10.759.863.850 |
| Flutt frá Verslunarmannafélagi Suðurnesja | 0 | 146.226.250 |
| Útborgað af verðbréfasöfnum | (467.931.447) | (233.482.791) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | (152.486.770) | (82.129.170) |
| Verðbreytingar ársins | 1.147.593.371 | 1.354.289.992 |
| Staða í árslok | 12.471.943.285 | 11.944.768.131 |
| Nafnávöxtun á verðbréfaeign | **9,40%** | **11,93%** |
| Raunávöxtun á verðbréfaeign | **5,72%** | **9,02%** |

### b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | **591.954.597** | **630.782.712** |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabr. og skbr. m. ábyrð ríkissjóðs | **7.198.739.549** | **7.325.865.298** |
| - Íbúðabréf | *3.290.988.539* | *3.879.905.796* |
| - Verðtryggð ríkisskuldabréf | *1.332.848.041* | *1.733.098.721* |
| - Óverðtryggð ríkisskuldabréf og víxlar | *2.574.902.969* | *1.712.860.781* |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | **451.042.823** | **329.734.786** |
| Skuldabr. og víxlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana | **218.917.289** | **160.785.766** |
| Sértryggð skuldabréf | **120.126.922** | **155.859.014** |
| Fasteignatryggð skuldabréf | **456.520.334** | **286.850.971** |
| Skuldabréf fyrirtækja | **268.696.810** | **332.502.726** |
| Hlutabréf | **3.165.944.960** | **2.722.386.857** |
| - Innlend hlutabréf | *791.654.217* | *605.941.360* |
| - Erlend hlutabréf | *2.374.290.743* | *2.116.445.497* |
| | 12.471.943.285 | 11.944.768.131 |

### c. Verðbréfaeign félagsins skiptist þannig á einstaka sjóði félagsins:

| | | |
|---|---|---|
| Félagssjóður VR | 747.690.769 | 1.368.420.270 |
| Sjúkrasjóður VR | 3.838.894.616 | 3.556.693.015 |
| Orlofssjóður VR | 343.399.304 | 363.804.861 |
| VR Varasjóður | 2.332.904.934 | 2.097.400.845 |
| Vinnudeilusjóður VR | 5.209.053.662 | 4.558.449.140 |
| | 12.471.943.285 | 11.944.768.131 |

## 10 Aðrar langtímakröfur

VR (lánveitandi) og Bjarg íbúðafélag hses. (lántaki), áður Almenna íbúðafélagið hses., hafa gert með sér lánasamning um víkjandi lán til 5 ára að fjárhæð 36 m.kr. Lánið var veitt til að fjármagna almennan rekstrarkostnað og undirbúning fyrir fjárfestingar lántaka. Lánið skal endurgreitt með einni greiðslu 5 árum eftir undirritun lánasamningsins sem var í desember 2016, en heimilt er að endurgreiða lánið fyrir umsamdan gjalddaga að hluta eða öllu leiti. Lánið ber vexti sem miðast við óverðtryggða kjörvexti Íslandsbanka eins og þeir eru á hverjum tíma. Þann 31.12.2020 hafa verið dregnar 17,3 m. kr. af láninu og greinast breytingar lánsins eftirfarandi:

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 20.665.204 | 19.471.763 |
| Áfallnir vextir samkvæmt samningi | 1.062.440 | 1.193.441 |
| Staða í árslok | 21.727.644 | 20.665.204 |

# Skýringar

## 11 Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Visa / Euro kröfur | 6.034.970 | 19.226.908 |
| Útistandandi greitt með VR varasjóði | 13.035.016 | 10.778.841 |
| Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota | 6.142.114 | 64.775.255 |
| Starfsmenntasjóður skrifstofu- og verslunarfólks | 7.252.805 | 7.606.693 |
| Biðreikningur vegna kjaramála | 6.564.080 | 4.700.000 |
| Fyrirframgreiddir þjónustusamningar | 5.064.723 | 4.880.168 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7.162.778 | 18.526.847 |
| | 51.256.486 | 130.540.712 |

## 12 Eigið fé

Breytingar á eign fé á árnu greinaast þannig

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 13.700.543.688 | 12.278.165.185 |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja sameinast VR | 0 | 495.131.905 |
| Hreinar tekjur fluttar á eigið fé | 835.321.851 | 927.246.598 |
| | 14.535.865.539 | 13.700.543.688 |

## 13 Reiknaður fjármagnstekjuskattur

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 412.211.763 | 260.098.361 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu | (152.486.770) | (82.129.170) |
| Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts | 281.304.342 | 234.242.571 |
| Staða í árslok | 541.029.335 | 412.211.763 |

## 14 Skammtímaskuldir

| | 31.12.2019 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 58.791.345 | 99.165.457 |
| Ógreitt áunnið orlof | 65.815.194 | 57.306.926 |
| Ógreidd launatengd gjöld starfsmanna | 32.988.999 | 30.932.415 |
| Ógreidd staðgreiðsla VR varasjóðs | 10.592.038 | 9.989.339 |
| Ógreitt vegna starfsloka | 0 | 5.112.166 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 19.975.920 | 16.968.157 |
| Ógreidd launatengd gjöld Sjúkrasjóðs | 32.684.834 | 46.203.280 |
| Ógreiddir ýmsir reikningar | 1.512.744 | 29.499 |
| Ógreitt til starfsmannafélags | 96.000 | 592.610 |
| | 222.457.074 | 266.299.849 |

# Skýringar

## 15 VR Varasjóður

Félagið rekur sérstakan sjóð (VR Varasjóð) er sameinar réttindi mismunandi sjóða og gefur félagsmönnum möguleika á að nýta þann sjóð af meira frjálsræði og með meiri sveigjanleika en almennt er hjá stéttarfélögum. Stjórn VR leggur fram til samþykktar tillögu fyrir aðalfund ár hvert um hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni til sjóðsins og skiptingu þess milli annarra sjóða.

Tillaga stjórnar um framlag vegna ársins 2020 í VR varasjóð verður lögð fyrir aðalfund VR árið 2021 og verður bætt við réttindainneign félagsmanna á árinu 2021. Auk þess eru þrisvar á ári gerð aukakaup vegna félagsmanna í þeim tilvikum þar sem vanskil voru á iðgjöldum þegar aðalkaup framlaga fóru fram. Fyrning réttinda á sér stað eftir reglum VR varasjóðs þegar félagsmenn hætta að greiða til VR og færast til baka til annarra sjóða.

Framlög sem færð eru á milli sjóða í ársreikningnum greinast þannig:

| | Félagssjóður VR | Sjúkrasjóður VR | Orlofssjóður VR | VR varasjóður |
|---|---|---|---|---|
| Framlag ársins samþykkt á aðalfundi .......... | (565.000.000) | 0 | (220.000.000) | 785.000.000 |
| Aukakaup á árinu .......................................... | (3.253.680) | 0 | (1.266.920) | 4.520.600 |
| Fyrning ársins ................................................ | 14.262.950 | 94.390.324 | 29.807.471 | (138.460.745) |
| | (553.990.730) | 94.390.324 | (191.459.449) | 651.059.855 |

Sérgreind réttindainneign félagsmanna í VR Varasjóði í árslok 2020 var 2.192 m.kr. og skiptist á um 61 þús. einstaklinga, en var í ársbyrjun 1.983 m.kr. sem skiptist á um 59 þús. einstaklinga.

## 16 Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2020.

## 17 Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 10. mars 2021.

## 18 Sjóðstreymisyfirlit samanburður á milli ára

| | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður ársins............................................. | 835.321.851 | 927.246.598 | 374.597.852 | 956.269.579 |
| Afskriftir......................................................... | 106.427.420 | 92.115.030 | 78.298.927 | 65.149.899 |
| Fjármagnsliðir................................................. | (865.577.180) | (1.121.240.862) | (422.120.509) | (593.491.079) |
| Aðrar breytingar............................................ | 0 | (23.183.234) | (2.027.598) | 0 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 76.172.091 | (125.062.468) | 28.748.672 | 427.928.399 |
| Breyting á: | | | | |
| Rekstrartengdum eignum.............................. | 11.372.608 | (32.622.586) | 9.587.446 | (24.891.730) |
| Rekstrartengdum skuldum............................ | (43.842.775) | 10.359.110 | 31.797.354 | 64.173.081 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 43.701.924 | (147.325.944) | 70.133.472 | 467.209.750 |

# Skýringar - sundurliðanir

| | 2020 | 2019 |
|---|---:|---:|
| **Rekstrartekjur** | | |
| **Félagsgjöld** | | |
| Félagsgjöld | 1.513.408.277 | 1.516.345.697 |
| Innheimtuþóknun | ( 37.452.225) | ( 37.137.154) |
| | 1.475.956.052 | 1.479.208.543 |
| **Sjúkrasjóðsiðgjöld** | | |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 1.978.383.791 | 2.070.763.224 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld Arkitekta | 16.738.233 | 19.122.500 |
| Innheimtuþóknun | ( 29.675.757) | ( 30.809.195) |
| | 1.965.446.267 | 2.059.076.529 |
| **Orlofssjóðsiðgjöld** | | |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 494.620.222 | 517.713.488 |
| Innheimtuþóknun | ( 12.408.285) | ( 12.896.351) |
| | 482.211.937 | 504.817.137 |
| Innheimt iðgjöld að frádreginni þóknun samtals | 3.923.614.256 | 4.043.102.209 |
| **Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta** | | |
| Leigutekjur orlofshúsa | 97.764.514 | 91.304.440 |
| Sala inneignarbréfa flugfélaga og ferðaskrifstofa | 65.290.200 | 199.784.950 |
| Önnur orlofsþjónusta | 12.947.080 | 10.091.744 |
| | 176.001.794 | 301.181.134 |
| **Aðrar tekjur** | | |
| Þóknun fyrir umsýslu Starfsmsj. versl. og skrifstofufólks | 29.081.330 | 30.150.335 |
| Umsjónalaun VIRK | 148.799.539 | 127.117.389 |
| Skatttekjur LÍV | 16.582.644 | 16.673.013 |
| Aðrar tekjur | 0 | 24.070.223 |
| | 194.463.513 | 198.010.960 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| **Iðgjöld og skattar** | | |
| Skattur til ASÍ | 174.205.753 | 171.529.608 |
| Framlag í starfsmenntasjóði | 139.766.091 | 146.727.328 |
| Annað | 18.649.588 | 18.794.856 |
| | 332.621.432 | 337.051.792 |
| **Bætur og styrkir** | | |
| Sjúkradagpeningar | 1.756.627.117 | 1.910.675.808 |
| Sjúkradagpeningar VS janúar til mars | 0 | 9.033.656 |
| Útgreiðsla úr varasjóði | 589.399.948 | 686.722.736 |
| Dánarbætur | 45.047.550 | 52.378.275 |
| Örorkubætur | 19.092.990 | 17.432.730 |
| Styrkir vegna glasafrjóvgunar | 19.971.573 | 15.420.493 |
| Verkfallsstyrkir | 0 | 9.403.492 |
| Aðrir styrkir VS janúar til mars | 0 | 4.140.840 |
| Aðrir styrkir | 1.084.673 | 1.176.436 |
| | 2.431.223.851 | 2.706.384.466 |

# Skýringar - sundurliðanir

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta** | | |
| Rekstur orlofshúsa | 150.739.068 | 155.121.053 |
| Leiga á sumarhúsum | 17.256.355 | 14.445.484 |
| Inneignarbréf flugfélaga og ferðaskrifstofa | 75.662.200 | 231.436.750 |
| Önnur orlofsþjónusta | 21.395.998 | 11.673.900 |
| | 265.053.621 | 412.677.187 |
| **Útbreiðslu- og félagsmál** | | |
| Kosningar, auglýsingar, kannanir o.fl | 108.117.334 | 106.163.726 |
| Kostnaður vegna kjaramála | 33.722.227 | 36.980.031 |
| Útgáfukostnaður | 30.378.755 | 21.583.203 |
| Styrkir og framlög til samstarfsverkefna | 18.511.044 | 17.175.798 |
| Fundir og ráðstefnur | 15.412.975 | 26.287.992 |
| Annar kostnaður | 7.867.310 | 30.623.497 |
| | 214.009.645 | 238.814.247 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | | |
| Laun | 643.412.756 | 605.768.630 |
| Launatengd gjöld | 153.327.461 | 167.874.094 |
| Annar starfsmannakostnaður | 23.596.302 | 23.486.940 |
| Aðkeypt þjónusta | 55.333.793 | 56.462.248 |
| Póstur, sími og tengingar | 10.512.169 | 9.417.860 |
| Viðhald og kaup á tækjum | 12.572.308 | 9.330.081 |
| Skrifstofuvörur og tryggingar | 4.323.535 | 7.824.938 |
| Annar kostnaður | 16.299.842 | 28.984.027 |
| | 919.378.166 | 909.148.818 |
| **Rekstur húsnæðis** | | |
| Rafmagn og hiti | 5.327.660 | 5.824.056 |
| Húsaleiga | 10.204.226 | 6.677.313 |
| Ræsting, þvottur og hreinlætisvörur | 8.451.290 | 7.801.502 |
| Tryggingar húsnæðis | 742.133 | 1.170.693 |
| Viðhald húsnæðis | 5.158.585 | 4.609.980 |
| Fasteignagjöld | 13.075.028 | 13.075.988 |
| Öryggisþjónusta | 1.554.890 | 1.613.816 |
| Húsgögn og húsbúnaður | 2.099.514 | 2.687.106 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 19.210.375 | 12.766.771 |
| | 65.823.701 | 56.227.225 |

# Skýringar - Yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2020

| | Félags- sjóður | Sjúkra- sjóður | Orlofs- sjóður | Vara- sjóður | Vinnudeilu- sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Félagsgjöld | 771.881.907 | | | 553.990.730 | 150.083.415 | 1.475.956.052 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | | 2.059.836.591 | | (94.390.324) | | 1.965.446.267 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | | | 290.752.488 | 191.459.449 | | 482.211.937 |
| Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | | 176.001.794 | | | 176.001.794 |
| Aðrar tekjur | 194.463.513 | 0 | 0 | | | 194.463.513 |
| | 966.345.420 | 2.059.836.591 | 466.754.282 | 651.059.855 | 150.083.415 | 4.294.079.563 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld og skattar | (332.621.432) | | | | | (332.621.432) |
| Bætur og styrkir | 0 | (1.841.823.903) | | (589.399.948) | 0 | (2.431.223.851) |
| Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta | | | (265.053.621) | | | (265.053.621) |
| Útbreiðslu- og félagsmál | (194.922.251) | (10.791.443) | (8.295.951) | | | (214.009.645) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (676.796.548) | (118.250.532) | (122.885.505) | (1.445.581) | 0 | (919.378.166) |
| Rekstur húsnæðis | (43.929.373) | (12.502.488) | (9.391.840) | | | (65.823.701) |
| Afskriftir fastafjármuna | (33.860.499) | 0 | (72.566.921) | | | (106.427.420) |
| | (1.282.130.103) | (1.983.368.366) | (478.193.838) | (590.845.529) | 0 | (4.334.537.836) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | (315.784.683) | 76.468.225 | (11.439.556) | 60.214.326 | 150.083.415 | (40.458.273) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | |
| Fjármunatekjur | 117.169.724 | 273.365.549 | 35.878.000 | 189.131.830 | 544.083.253 | 1.159.628.356 |
| Fjármagnsgjöld | (178.489) | (54.296) | (40.715) | | 0 | (273.500) |
| Fjármagnstekjuskattur | (23.998.698) | (66.200.847) | (8.644.915) | (40.896.677) | (143.833.595) | (283.574.732) |
| | 92.992.537 | 207.110.406 | 27.192.370 | 148.235.153 | 400.249.658 | 875.780.124 |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | (222.792.146) | 283.578.631 | 15.752.814 | 208.449.479 | 550.333.073 | 835.321.851 |

# Skýringar - Efnahagur sjóða VR 31. desember 2020

| Eignir | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vara-sjóður | Vinnudeilu-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 387.338.925 | 0 | 1.588.317.748 | | | 1.975.656.673 |
| Verðbréf og verðbréfasjóðir | 747.690.769 | 3.838.894.616 | 343.399.304 | 2.332.904.934 | 5.209.053.662 | 12.471.943.285 |
| Aðrar langtímakröfur | 21.727.644 | | | | | 21.727.644 |
| Óinnheimt iðgjöld | 102.499.783 | 137.779.703 | 34.153.116 | | | 274.432.602 |
| Aðrar skammtímakröfur | 25.479.195 | | 25.777.291 | | | 51.256.486 |
| Handbært fé | 486.353.503 | 2.571.627 | 3.455.548 | 11.954.581 | | 504.335.259 |
| **Eignir** | 1.771.089.819 | 3.979.245.946 | 1.995.103.007 | 2.344.859.515 | 5.209.053.662 | 15.299.351.949 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 1.607.419.152 | 3.790.469.714 | 1.938.422.194 | 2.177.894.638 | 5.021.659.842 | 14.535.865.540 |
| **Skuldir** | | | | | | |
| Reiknaður fjármagnstekjuskattur | 61.959.576 | 124.653.317 | 12.095.364 | 154.927.258 | 187.393.820 | 541.029.335 |
| Skammtímaskuldir | 101.711.091 | 64.122.915 | 44.585.449 | 12.037.619 | | 222.457.074 |
| | 163.670.667 | 188.776.232 | 56.680.813 | 166.964.877 | 187.393.820 | 763.486.409 |
| **Eigið fé og skuldir** | 1.771.089.819 | 3.979.245.946 | 1.995.103.007 | 2.344.859.515 | 5.209.053.662 | 15.299.351.949 |

# Undirritunarsíða

## Arnþór Sigurðsson

Undirritað af:
Arnþór Sigurðsson
0904663809
Dags: 11.03.2021
Tími: 10:09:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Bjarni Þór Sigurðsson

Undirritað af:
Bjarni Þór Sigurðsson
0409583209
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:27:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Friðrik Boði Ólafsson

Undirritað af:
Friðrik Boði Ólafsson
0103902499
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:32:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Fríða Thoroddsen

Undirritað af:
Fríða Thoroddsen
0211804759
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:59:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Harpa Sævarsdóttir

Undirritað af:
Harpa Sævarsdóttir
0805714299
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:28:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Helga Ingólfsdóttir

Undirritað af:
Helga Ingólfsdóttir
1312612769
Dags: 10.03.2021
Tími: 22:13:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Jónas Yngvi Ásgrímsson

Undirritað af:
Jónas Yngvi Ásgrímsson
1702632279
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:33:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Ragnar Þór Ingólfsson

Undirritað af:
Ragnar Þór Ingólfsson
1705734719
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:30:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Selma Árnadóttir

Undirritað af:
Selma Árnadóttir
2012942239
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:30:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

## Selma Björk Grétarsdóttir

Undirritað af:
Selma Björk Grétarsdóttir
2804715939
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:29:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-5d91-4032-86dd-6e8fcd1f11a2

# Undirritunarsíða

## Sigmundur Halldórsson

Undirritað af:
Sigmundur
Halldórsson
1712665139
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:32:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Lovísa
Jónsdóttir
2702685289
Dags: 12.03.2021
Tími: 10:31:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Sigrún Guðmundsdóttir

Undirritað af:
Sigrún Guðmundsdóttir
1309594829
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:34:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Sigurður Sigfússon

Undirritað af:
Sigurður Sigfússon
0105483149
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:35:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Undirritað af:
Svanhildur Ólöf
Þórsteinsdóttir
0810693799
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:31:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Þorvarður Bergmann Kjartansson

Undirritað af:
Þorvarður Bergmann
Kjartansson
0203922749
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:33:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Stefán Sveinbjörnsson

Undirritað af:
Stefán Sveinbjörnsson
1302732979
Dags: 10.03.2021
Tími: 19:29:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Sigríður Helga Sveinsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Helga
Sveinsdóttir
0708674869
Dags: 10.03.2021
Tími: 21:06:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Undirritað af:
Guðrún Björg
Gunnarsdóttir
0911805619
Dags: 10.03.2021
Tími: 20:09:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2

## Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir

Undirritað af:
Jóhanna Sigurbjörg
Rúnarsdóttir
1003683829
Dags: 11.03.2021
Tími: 15:39:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ae863c15-
5d91-4032-86dd-
6e8fcd1f11a2